

Fundargerð 401

Föstudaginn 14. desember 2012, kl. 11:00 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Þóroddur Bjarnason, formaður, Guðmundur R. Gíslason, Gunnar Svavarsson, Ólöf Hallgrímsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sigurborg Kr. Hannesdóttir og Valdimar Hafsteinsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Anna Lea Gestsdóttir (við dagskrárlið 4), Elín Gróa Karlsdóttir, forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason, forstöðumaður lögfræðisviðs, Jóhann Arnarson og Pétur Grétarsson (við dagskrárlið 4) og Magnús Helgason forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 11:05 og lagði fram eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Starfsáætlun 2013
3. Fullnustueignir
4. Útlán til ferðapjónustunnar – Dr. Edward H. Huijbens frá Rannsóknarmiðstöð ferðamála við Háskólann á Akureyri kemur á fundinn og ræðir stöðu greinarinnar
5. Fundargerðir lánanefndar
6. Þóknun endurskoðunarnefndar
7. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar
8. Önnur mál
9. Næsti fundur

Dagskráin samþykkt samhljóða.

1. Fundargerð síðasta fundar

Formaður bað upp fundargerð síðasta fundar nr. 400 og var hún samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Starfsáætlun 2013

AÐ og MH fóru yfir drög af starfs- og rekstraráætlun 2013. Endanleg áætlun verður lögð fyrir næsta stjórnarfund sem haldinn verður í janúar nk.

Fram komu ábendingar um að markmið starfsáætlunar þyrfti að orða betur.

Þá urðu umræður um hvert stefni í umhverfi stofnunarinnar á næstu árum og hvort gera ætti þriggja ára áætlun. Rætt var um að fá utanaðkomandi aðila til að gera greiningu á umhverfi Byggðastofnunar og stilla upp sviðsmyndum um hvernig staða Byggðastofnunar yrði eftir 3-4 ár.

Fundi frestað kl. 12:12 og fram haldið kl. 13:20

3. Fullnustueignir

HÁ fór yfir lista yfir fullnustueignir Byggðastofnunar. Þá fór hann sérstaklega yfir fullnustueignir sem ekki hefur tekist að selja eða leigja.

Umræður urðu um hvort Byggðastofnun eigi að stofna sérstakt félag utan um fullnustueignir stofnunarinnar.

GSV óskaði bókað að hann vildi að áfram yrði unnið að því að koma fullnustueignum stofnunarinnar í félag líkt og hann hefði áður vakið máls á, en í starfsáætlun stjórnar Byggðastofnunar fyrir árið 2012 á sviði lánamála, er m.a. kveðið á um að meta þurfi kosti og galla þess að stofna sérstök eignarhaldsfélög um fullnustueignir og eignarhluti með tilliti til meginmarkmiða stofnunarinnar.

Málið hefur verið á dagskrá stjórnarfunda annað slagið s.l. ár. AÐ og HÁ minntu á að lögð hefði verið fram á stjórnarfundum fyrir um ári síðan niðurstaða könnunar lögfræðisviðs á kostum og göllum (einkum fjárhagslegum) á stofnun félags utan um eignirnar, án þess að ákvörðun væri tekin í málinu.

Fyrir liggur að taka endanlega ákvörðun í málinu.

Yfirlit um rekstur fullnustueigna mun framvegis vera lagt fyrir stjórn mánaðarlega.

4. Útlán til ferðaþjónustunnar

Á fundinn kom Dr. Edward H. Huijbens frá Rannsóknarmiðstöð ferðamála við Háskólann á Akureyri og ræddi stöðu og framtíðarhorfur greinarinnar.

ALG, JA og PG viku af fundi.

EGK fór yfir minnisblað um útlán Byggðastofnunar til ferðaþjónustu. Lán til fyrirtækja í ferðaþjónustu nema í dag 29% af heildar útlánnum stofnunarinnar.

Umræður urðu um hvort setja ætti markmið um hámarks hlutdeild einnar atvinnugreinar af útlánasafni.

5. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 25/12, 21. nóvember 2012.

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 26/12, 7. desember 2012.

AÐ og EGK fóru yfir fundargerðina.

Fundargerðin staðfest.

6. Þóknun endurskoðunarnefndar

Formaður vék af fundi.

Á fundi endurskoðunarnefndar þann 23. ágúst síðast liðinn samþykkti nefndin að senda stjórn Byggðastofnunar eftirfarandi tillögu til samþykktar eða synjunar:

Lagt er til að greitt verði fyrir störf í Endurskoðunarnefnd Byggðastofnunar á eftirfarandi hátt:

Reiknað er með að endurskoðunarnefnd fundi að jafnaði fjórum sinnum á ári. Greiða skal nefndarmönnum kr. 60.000 fyrir hvern haldinn fund. Vegna ferðatíma, sem óhjákvæmilega verður í tengslum við fundi nefndarinnar, skal ennfremur greiða kr. 60.000 á ári. Samkvæmt framangreindu yrði þóknun vegna fjögurra funda kr. 240.000 á hvern nefndarmann auk kr. 60.000 vegna ferðatíma eða samtals kr. 300.000. Fjárhæð þessa skal greiða í tvennu lagi, fyrri hluta kr. 150.000 í maí mánuði og seinni hluta kr. 150.000 í desember.

Tillagan var lögð fram á fundi stjórnar 23. nóvember og var henni frestað og forstjóra falið að leggja fram nýja tillögu á næsta stjórnarfundum.

Tillaga forstjóra er eftirfarandi:

Lagt er til að ekki sé greitt sérstaklega fyrir hvern fund í nefndinni eða ferðalög heldur föst laun og séu þau tengd einingaverði Þóknunarnefndar og taki breytingum skv. ákvörðun hennar.

Í dag er einingarverð kr. 1.820 og m.v. kr. 300.000 nefndarlaun gera það 165 einingar á ári.

Lagt er til að hver nefndarmaður fái greiddar 165 einingar á ári en formaður 192 einingar sem gera tæpar 350.000 kr. í dag. Fjárhæðina skal greiða í tvennu lagi, 1. júní og 1. desember. Byggðastofnun mun greiða allan útlagðan kostnað vegna ferða nefndarmanna.

Breyting þessi gildi frá 1. júlí 2012.

Samþykkt samhljóða.

Formaður koma aftur inn á fundinn.

7. Framfylgd rekstrar- og starfsáætlunar

AP fór yfir rekstur Byggðastofnunar til 30. nóvember. Almennur rekstrarkostnaður er skv. rekstraráætlun ársins.

8. Önnur mál

Hæfi stjórnarmanna

Rætt var um bréf sem FME hefur sent um hæfi stjórnarmanna.

Raufarhöfn

Formaður, AP og SKH sögðu frá vinnu sem unnin hefur verið varðandi eflingu byggðar á Raufarhöfn. Sögðu þau frá íbúafundinum sem haldinn var á mánudaginn var og fyrirhuguðum íbúafundi sem verður í janúar.

Fjármagnsmessa

GSV velti upp þeirri hugmynd að halda einhverskonar fjárfestafund stofnunarinnar í Reykjavík og Akureyri fyrir fjárfesta. Þar kæmu saman fjárfestar auk þess sem stofnunin kynnti þær vörur sem hún hefði upp á að bjóða og tækifæri á landsbyggðinni.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 25. janúar á Húsavík.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:28

Magnús Helgason, fundarritari.
